



Lögreglustjórinn á Akranesi

Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti
150 Reykjavík

Akranes, 10. ágúst 2012.

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögreglulögnum, 739 mál.

Sent var til umsagnar frá nefndasviði Alþingis frumvarp til breytinga á lögreglulögum nr. 90/1996, með síðari breytingum mál nr. 739. Frestur var veittur til 1. ágúst sl. en vegna sumarleyfis berst þessi umsögn aðeins síðar.

Í greinargerð með frumvarpinu svo og í umsögn fjármálaráðuneytisins er sagt að fyrir breytingum á lögreglulögnum séu bæði fagleg og fjárhagsleg rök. Undirrituð tekur undir að fagleg rök eru fyrir breytingu þessari. Um fjárhagsleg rök segir að breytingar frumvarpsins eigi að gera lögreglunni kleift að sinna lögbundnum skyldum þrátt fyrir niðurskurð, sem hún hefur þurft að ganga í gegnum á undanförunum árum og fyrirsjáanlegt aðhald í ríkisfjármálum á næstu árum. Með frumvarpinu fylgja hins vegar engir kostnaðarútreikningar á breytingunum hvorki til skemmri tíma né lengri. Þar sem önnur meginforsendan fyrir breytingum á skipan lögreglunnar er sögð vera fjárhagslegur ávinningur væri mjög mikilvægt að útreikningur um þann ávinning lægi fyrir. Án þeirra er einnig erfitt að meta hin fjárhagslegu rök, sem sögð eru að baki frumvarpinu. Á það má benda að í ársskýrslu ríkislögreglustjóra fyrir árið 2010 (sem er nýjasta skýrsla ríkislögreglustjóra á vef hans) kemur fram að heildarútgjöld ríkissjóðs til löggæslumála árið 2010 hafi verið samtals kr. 7.807.043.578. Af þessum útgjöldum fór til Lögregluskóla ríkisins, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórans á Suðurnesjum og ríkislögreglustjóra, kr. 5.833.723.650 eða 74% af heildarútgjöldum til lögreglunnar. Fjárhagslegur ávinningur, sem sagður er leiða af frumvarpinu, nær því lögregluembætta sem einungis hafa um 26% allra útgjalda til löggæslumála. Hin fjárhagslegu rök, sem sögð eru að baki frumvarpinu, sneiða því hjá garði þeirra embætta, sem ráðstafa meginþorra fjárveitinga til lögreglunnar.

Niðurskurður síðustu ára hefur takmarkað verulega tækifæri lögreglustjóraembætta til hagræðingar því segja má að flest slík tækifæri hafi þegar verið notuð. Einnig verður að taka tillit til þess, að þau lögregluumdæmi sem frumvarpið tekur til, ná til strjálra byggða og því er hagræðing þar erfiðari en í þéttari byggðum s.s. vegna búsetu, samgangna o.fl.

Eftir breytingar á skipulagi lögreglunnar 1. janúar 2007 þykja það viðtekinn sannindi að þær breytingar hafi kostað fjármunni, sem aldrei var gert sérstaklega ráð fyrir, og lögreglan þurfti að taka frá hefðbundnum rekstri. Undirrituð telur að aukið fjármagn verði að koma til svo hægt sé að stofna 6 ný lögregluembætti. Ekki er kleift að byrja með lögregluembætti, sem muna eiga í verulegum erfiðleikum vegna fjárskorts.



Lögreglustjórinn á Akranesi

Lögreglan er komin að þolmörkum hvað varðar hagræðingu og vantar hana fé til reksturs. Þá má ætla að eftir 2-3 ár gæti einhver hagræðing skilað sér en erfitt að sjá hver hún verður þar sem engir útreikningar liggja fyrir.

Athugasemdir við greinar frumvarpsins:

Varðandi 3. gr. frumvarpsins tel ég að betur fari á að hafa einn lögreglustjóra á Norðurlandi. Fyrir því liggja aðallega fagleg svo og fjárhagsleg rök. Það hlýtur að vera kostnaðarsamara að hafa tvö embætti í stað eins og eitt embætti sem myndi hafa einungis milli 10-15 ársverk lögreglumanna og engar landfræðilegar forsendur sem rökstyðja sérstakt embætti. Ég tel að dýrt sé að stofna sérstaka rannsóknardeild á Norðurlandi Vestra og engin fagleg rök fyrir því. Ef svo verður ákveðið að þessi skipting haldi sér mætti setja sérákvæði um að rannsóknardeild lögreglunnar á Norðurlandi eystra muni annast rannsókn mála hjá þessum báðum embættum, eins og nú er.

Tel varhugavert að umdæmi, aðsetur og starfstöðvar skulu ákveðin með reglugerð að höfðu samráði við lögreglustjóra og samband íslenskra sveitarfélaga. Teldi best að faglegar ástæður myndi ráða umdæmum svo og aðsetri lögreglustjóra. Tel að aðsetur lögreglustjóra ætti að vera þar sem rannsóknardeild viðkomandi lögreglustjóraumdæmis er staðsett. Þar er mest þörfin á nánu samstarfi lögreglustjóra og starfi lögreglunnar í stórum, erfiðum og vandasömum málum.

Varðandi 7. gr. tel ég það góða breytingu að hafa fyrirsvarsmann viðkomandi sveitarfélags í samráðsnefndinni.

Virðingarfyllst;


Halla Bergþóra Björnsdóttir, settur lögreglustjóri á Akranesi

